

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
Norðurfitjar, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að skilgreint er nýtt 7,0 ha stofnanasvæði, með niðurfellingu 2,2 ha iðnaðarsvæðis og minnkun tveggja annarra iðnaðarsvæða um 1,5 ha. Einnig minnkar opið svæði (U14) um 3,3 ha. Gert er ráð fyrir hringtorgi á milli hins nýja stofnanasvæðis, íbúðarsvæða og Njarðvíkurbrautar sem og vegtengingu Njarðvíkurbrautar við iðnaðarsvæðið fyrir norðan stofnanasvæðið.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. maí 2008.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2008